



Heilbrigðisráðherra  
hr. Kristján Þór Júlíusson  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2013

**Efni: Framkvæmd verkloka vegna sjúkraflutninga og greiðsluáskorun.**

Vísað er til fyrri bréfaskipta í málinu, nú síðast bréfs stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. til heilbrigðisráðherra, dags. 21. f.m., þar sem boðuð eru verklok á þjónustu vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu frá 1. nóvember 2013 verði ekki gerðar nauðsynlegar leiðréttingar á fjárveitingum til sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Í svarbréfi ráðherra, dags. 31. f.m., kemur m.a. fram að ekki liggi fyrir viðbótarfjárheimildir umfram það sem gildandi fjárlög feli í sér, það verði ekki ljóst fyrir en fjárlög ársins 2014 verði afgreidd frá Alþingi í komandi desember.

Í kafla 1.2.10 Kröfufýsingar fyrir sjúkraflutninga sem samþykkt var í heilbrigðisráðuneytinu 25. maí 2010 er fjallað um verklok og viðskilnað þjónustu vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Í inngangi kaflans segir orðrétt:

*„Þegar samningstíma þjónustusamnings lýkur getur komið til greina að framlengja samninginn, breyta samningnum eða fá annan aðila til að taka við rekstrinum. Hætti verksali rekstrinum, hvort sem það verður að loknum samningstíma, framlengdum samningstíma eða af öðrum ástæðum, þarf að vera tryggt að reksturinn gevi haldið áfram í höndum nýs rekstraraðila án þess að rof verði í þjónustunni.“*

Þá er í kaflanum fjallað um framkvæmd og nánari tilhögun verkloka. Helstu skuldbindingar sem hvíla á slökkviliðinu í tengslum við verklok er annars vegar þátttaka í gerð verklokaáætlunar vegna rekstraraðilaskipta ef til þeirra kemur og hins vegar að tryggja að viðskilnaðurinn rjúfi ekki samfellda sjúkraflutningaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Slökkviliðinu ber jafnframt við verklok að afhenda Landlæknisembættinu allar sjúkraskrár, sem hafa orðið til í starfseminni, og skila sjúkrabifreiðum og birgðum rekstrarvara sem það hefur tekið við frá Rauða krossi Íslands og heilbrigðisstofnunum.

Lögð er áhersla á að um hartnær tveggja ára skeið hefur slökkviliðið sinnt þjónustu vegna sjúkrarutninga án þess að því hafi borið skylda til þess, þar eð samnings um þjónustuna nýtir ekki. Þá telur stjórn slökkviliðsins sig hafa gert allt sem í hennar valdi stendur til að koma nýjum samningi á um þjónustuna, á grundvelli forsendna sem báðir samningsaðilar settust á, m.a. í samkomulagsgrundvelli sem undirritaður var af fulltrúum þeirra 1. febrúar 2013, og sem er til þess

Hafnarfjarðarbær
Innk: 26.11.2013
Netnúmer: 1210486
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins 561

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS  
Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 528 3000 • Fax 528 3001  
Netfang: shs@shs.is • Veffang: www.shs.is

fallinn að tryggja hag og velferð íbúa höfuðborgarsvæðisins. Þrátt fyrir eindreginn vilja þeirra sveitarfélaga sem standa að Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins hefur ríkið ekki fengist til að semja um áframhaldandi samstarf. Er því svo komið að sveitarfélögin telja sig ekki eiga annarra kosta vöð en að virkja ákvæði Kröfulýsingar um verklok og viðskilnað.

Líkt og boðað var í bréfi stjórnar slökkviliðsins, dags. 21. f.m., hófust verklok vegna sjúkraflutninga um síðustu mánaðamót og er þeim ætlað að standa yfir í allt frá þremur til sex mánuði. Af hálfu slökkviliðsins er framkvæmd verkloka því þegar hafin. Efst á baugi þessa stundina eru starfsmannamál en aðskilnaður í rekstri sjúkraflutninga og slökkviliðs leiðir óhjákvæmilega til að starfsmönnum hjá slökkviliðinu fækkar. Á þessu stigi er ekki unnt að segja með vissu hversu mörgum verður sagt upp störfum, en áformað er að segja ráðningarsamningum upp frá og með 1. febrúar nk. Endanlegur fjöldi starfsmanna sem sagt verður upp störfum ræðst síðan af ákvörðun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um mönnun slökkviliðsins samkvæmt áskilnaði í lögum og reglugerðum.

Tilgangurinn með bréfi þessu er að vekja athygli ráðuneytisins og þeim sem málið varðar á alvarleika málsins, og að verklok verði 1. maí 2014 eins og áður hefur komið fram, nema afgreiðsla fjárveitingavaldsins á fjárlögum 2014 tryggi viðbótarfjárheimildir sem nauðsynlegar eru til áframhaldandi samstarfs.

Í bréfi til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 12. janúar 2012, tilkynnti slökkviliðið að þar sem enginn samningur væri í gildi á milli aðila og ekki unnt að styðjast við verðákvæði eldri sammings myndi slökkviliðið innheimta gjald fyrir hverja byrjaða klukkustund í sjúkraflutningum frá og með 1. janúar 2012. Tekur gjaldtakan mið af reglugerð nr. 1176/2011, um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustu, sbr. 4. tl. 16. gr. reglugerðarinnar, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 1101/2012.

Lögð er áhersla á, að í tilvitnuðu bréfi var Sjúkratryggingum gefinn kostur á að lýsa afstöðu sinni til gjaldtökunnar sem slíkrar sem og grundvelli hennar. Skemmst er frá því að segja að engar athugasemdir bárust. Það skal undirstrikað, að eftir að málsaðilar undirrituðu samkomulagsgrundvöll 1. febrúar sl. hætti slökkviliðið að innheimta endurgjald vegna þjónustunnar samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Stóð slökkviliðið í þeirri trú að samkomulag hefði náðst um endurgjald fyrir sjúkraflutningana og að einungis væri formsatriði að ganga frá endanlegum samningi. Þar sem ekki hefur verið staðið við samkomulagsgrundvöllinn af hálfu ríkisins neyðist slökkviliðið til að endurvekja innheimtu samkvæmt fyrrgreindu bréfi til sjúkratrygginga.

Samkvæmt því sundurliðast skuldin eftirfarandi:

	2012
Heild ársins	920.360.000
Áður greitt	<u>476.100.000</u>
Mismunur	444.260.000
Dráttarvextir	<u>71.631.139</u>
Skuld alls	515.891.139


Hér með er skorað á ráðuneytið að greiða skuldina inn á reikning slökkviliðsins nr. 0515-26-2130 ellegar semja um greiðslu hennar innan 14 sólarhringa frá dagsetningu bréfs þessa. Að þeim tíma liðnum mun stjórn slökkviliðsins fela lögmönnum að innheimta kröfuna án frekari viðvarana.

Að auki hafa Sjúkratryggingar ekki greitt slökkviliðinu gjald vegna veittrar þjónustu fyrir sjúkraflutninga á tímabilinu janúar til október 2013, en samkvæmt reikningi, dagsettum 15. þ.m., nemur skuld vegna ársins 2013 kr. 431.811.000,-.


Þá tilkynnist að á meðan verklok standa yfir og allt þar til þeim er formlega lokið mun slökkviliðið innheimta endurgjald fyrir hverja byrjaða klukkustund í sjúkraflutningum í samræmi við ákvæði 16. gr. reglugerðar nr. 1101/2012 og þær breytingar sem kunna að verða gerðar á henni.

Að lokum þetta. Þrátt fyrir framangreint áréttar stjórn slökkviliðsins enn á ný þá skoðun sína að hún telur samrekstur slökkviliðs og sjúkraflutninga til hagsbóta fyrir þá heildarhagsmuni sem um ræðir, bæði hvað varðar kostnað, gæði og afl þjónustunnar.

Virðingarfyllt,  
stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.



Jón Gnarr



Gunnar Einarsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Guðrún Agústa Guðmundsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson



Haraldur Sverrisson

Afrit:

Fjármála- og efnahagsráðherra  
Fjárlaganefnd Alþingis  
Borgar- og bæjarráð aðildarsveitarfélaga SHS  
Þingmenn höfuðborgarsvæðisins